

- 1932 65 kr. sekt fyrir ölvun.  
 1936 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir brot gegn 231. gr. hegningarlaga, og sama ár 100 kr. sekt fyrir áfengislagabrot,  
 1938 4 mánaða fangelsi við venjulegt fangaviðurværi fyrir þjófnað, og sama ár 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri,  
 1945 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Gripdeildir kærða eru refsiverðar (þótt kærði hafi verið ölvaður) samkvæmt 245. gr. refsilaganna, sbr. 244. gr. sömu laga, og er refsingin hæfileg 30 daga fangelsi, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla refsilaganna verða haldin.

Þá ber einnig samkvæmt 3. mgr. 68. gr. refsilaganna, frá birtingu dóms þessa, að svipta kærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga á Íslandi.

Kærða ber að greiða af sökinni allan löglega leiðandi kostnað.

#### Því dæmist rétt vera :

Eiður Thorarensen, Siglufirði, sæti fangelsi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að 3 árum; liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð VI. kafla almennra hegningarlaga verða haldin. Frá birtingu dóms þessa skal kærði vera sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og almennra kosninga í landinu. Kærði greiði og allan sakarkostnað.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 2/1948. **Réttvísingur og valdstjórnin**  
 (Hrl. Ólafur Þorgrímsson)  
 gegn

**Stefáni Gunnbirni Egilssyni**  
 (Hrl. Ragnar Jónsson).

Brot á bifreiða- og umferðarlögum. Manndráp af gáleysi.

#### Dómur hæstaréttar.

Ákærði ók bifreið, sem var óhæf til aksturs og varð eigi stöðvuð í skjótu bragði. Ákærði sá barnið á hlaupum á gang-

stéttinni, áður en bifreið hans kom á móts við það. Barnið var aðeins tveggja ára, og mátti ákærði því gera ráð fyrir varúðarlausri hegðun þess, þ. á m. að það hlypi út á götuna. Bar ákærða að haga akstri sínum í samræmi við þessar aðstæður og jafnvel stöðva bifreiðina alveg, þar til hætta á slysi væri liðin hjá. Þetta gerði ákærði ekki, en telja verður að til þess hafi verið nægilegt svigrúm eftir að ákærði varð barnsins var. Ákærði er því samvaldur að banaslysi því, sem lýst er í héraðdómi, og sekur um brot gegn 215. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 27. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 auk refsíákvæða þeirra, sem rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 68. gr. hegningarlaga nr. 19/1940 og 39. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 ber að svipta ákærða ævilangt rétti til bifreiðarstjórnar.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað ber að staðfesta. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Stefán Gunnbjörn Egilsson greiði 3500 króna sekt í ríkissjóð, og komi varðhald 35 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ólafs Þorgrímssonar og Ragnars Jónssonar, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

### Dómur aukaréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1947.

Ár 1947, þriðjudaginn 12. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Þórði Björnssyni, settum saka-dómara, upp kveðinn dómur í málinu nr. 2892/1947: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Stefáni Gunnbirni Egilssyni, sem tekið var til dóms 10. f. m.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Stefáni Gunnbirni Egilssyni verkamanni, Sólvallagötu 50 hér í bæ, til refsingar, sviptingar bifreiðastjóraréttinda og greiðslu sakarkostnaðar, fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og umferðalögum nr. 24 16. júní 1941.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 14. desember 1904 að Laxamýri í Reykjahverfi, og hefur hvorki sætt fyrr ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Fimmtudaginn 15. maí s. l., um klukkan 12 á hádegi, ók ákærði vörubifreiðinni R 3719, sem er eign atvinnudeildar háskólans, frá Reykjavíkurflugvelli norður Laufásveg. Með honum í bifreiðinni voru bræður hans, Sigurjón Egilsson úrsmiður, sem sat í stýrishúsinu við hlið ákærða, og Jóhannes Þorvaldur Egilsson húsgagna-smiður, báðir til heimilis í Tjarnargötu 30, en hann sat á bekk, sem er langsum hægra megin á vörupalli bifreiðarinnar. Skammt sunnan við Njarðargötu, milli húsanna nr. 58 og 60 við Laufásveg, varð tveggja ára gamall drengur, Guðmundur Ósvaldsson, undir vinstra framhjóli bifreiðarinnar og beið þegar bana af. Ingólfur Blöndal læknir, sem kom að slysstaðnum nokkru eftir að slysið varð, fór með likið upp á Landsspítala, en siðar var það krufið. Jón Viðis mælingamaður gerði uppdrátt af slysstaðnum, sem lagður hefur verið fram, rskj. nr. 2, en þá hafði bifreiðin verið færð lítið eitt til. Reyndust hemlaför, sem sáust eftir bifreiðina á slysstaðnum vera um 2 metrar á lengd, og rúman meter frá gangstéttarbrún. Er slysið varð, var veður gott, og mun lítil sem engin úrkoma hafa verið, en vegurinn á slysstaðnum rakur. Sama daginn og slysið varð, skoðuðu bifreiðaeftirlitsmennirnar Hjörleifur Jónsson, Lindargötu 11 og Jónas Sverrir Samúelsson, Laugavegi 53, bifreiðina R 3719 og reyndu hana í akstri. Hafa þeir gefið vottorð þess efnis, rskj. nr. 3, og borið það hér í réttinum, að bifreiðin hafi verið í óökufæru ástandi. Kveða þeir, að ekki hafi verið hægt að aka bifreiðinni hraðar en á um 25 km hraða miðað við klukkustund, aðallega vegna þess, að tengslið sleit ekki (kopláði ekki frá) og því ekki verið hægt að aka bifreiðinni nema á lægri hraðastigum (gírur) 1., 2. og 3. Urðu þeir að hafa vél bifreiðarinnar í 2. hraðastigi, að því er þá minnir, þegar þeir settu hana í gang, en Hjörleifur Jónsson telur, að sá, sem henni er vanur, muni eigi þurfa þess. Í hvert skipti, sem

hemlað var, urðu þeir að stöðva vél bifreiðarinnar til að stöðva bifreiðina. Jónas Sverrir segir, að orðið hafi að stöðva vélina, þegar skipt var um ganghraða. Fóthemlar bifreiðarinnar voru slæmir og þurfti að tvístíga hemilsfetilinn til þess að þeir virkuðu sæmilega. Handhemill reyndist góður, en hraðamælir í ólagi. Nokkurt hlaup var í stýrissamböndum, og telur Hjörleifur Jónsson, að það hafi fundizt í stýrishjólinu í akstri. Jónas Sverrir segir það eigi vera, en hann ók bifreiðinni. Fjaðraklossi vinstra megin að aftan var laus. Hurðarhún í hægri framhurð vantaði og gluggarúða þeim megin var lítillaga sprungin. Ekki segja þeir bifreiðæftirlitsmennirnir að þetta hafi haft nokkuð að segja, hvað útsýni úr bifreiðinni snertir, enda var stýrið vinstra megin í henni, en útsýni úr bifreiðum af þessari gerð sé gott.

Ákærði skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi ekið mjög hægt, er slysið varð, varla yfir 10 km hraða miðað við klukkustund, enda var honum kunnugt um ástand bifreiðarinnar. Hann var umráðamaður hennar, og hafði ekki annar ekið henni, meðan hún var í notkun, en hann hefur verið starfsmaður atvinnudeildar háskólans á annað ár. Nokkru frá slysstaðnum ók hann fram úr kennslubifreið, og litið eitt fyrir sunnan hann, vestan megin á götunni, fyrir framan húsið nr. 60, segir hann bifreið hafa staðið. Kveðst hann hafa beygt nokkuð fljótt að vestri gangstéttarbrún, er hann hafði ekið fram hjá þessari bifreið, þar eð einhver bifreið hafi komið á móti honum, en vel geti verið, að henni hafi verið ekið upp eða niður Njarðargötu. Þá kveðst hann hafa tekið eftir, að unglingur hafi hlaupið eftir gangbrautinni upp að húsinu nr. 60 við Laufásveg, einnig hafi hann séð barn einhvers staðar á gangstéttinni, og hafi það hlaupið í sömu átt og hann ók bifreiðinni. Það hafi hrasað og fallið beint fyrir framan vinstra framhjól bifreiðarinnar, og svo nærri því, að hann hafi ekki séð, hvernig það varð fyrir bifreiðinni. Kveðst hann hafa talið, að barninu væri óhætt, þótt hann æki áfram, enda hafi verið um  $\frac{1}{2}$  meter frá gangstéttarbrún að bifreiðinni. Hann segist hafa fundið að vinstra framhjól bifreiðarinnar fór yfir barnið, þótt hann hafi jafnskjótt og barnið hrasaði, hemlað, bæði með fóthemlum og handhemli, auk þess sem hann beygði bifreiðinni til hægri út á götuna. Telur ákærði, að hann hafi tvístígið hemilsfetilinn og tekið í handhemilinn um leið og hann steig á hemilsfetilinn í síðara skiptið. Virtist honum bifreiðin stöðvast tiltölulega fljótt, en þegar hann og bræður hans komu út úr henni, lá barnið undir bifreiðinni við vinstri afturhjolin. Fannst þeim sem hjólið kynni að þrengja að höfði barnsins, svo að ákærði ók bifreiðinni lítið eitt aftur á bak, en Jóhannes Þorvaldur tók barnið upp, og síðar tók Ingólfur Blöndal læknir við því, eins og að framan greinir. Allir kveða þeir bræður fætur barnsins hafa verið fyrir neðan gangstéttarbrúnina, en vitnið Sigríður Ástrós Sigurðardóttir húsfreyja,

Laufásvegi 58, sem eigi sá hvernig slysið varð, segir annan fót barnsins hafa verið uppi á gangstéttarbrúninni. Ákærði, sem var að öllu leyti vel fyrir kallaður, kveður ekkert hafa dregið athygli sína frá akstrinum, og ekkert sérstakt hafi hann verið að ræða við Sigurjón bróður sinn. Ekki segist ákærði hafa þurft að hafa vél bifreiðarinnar í hraðastigi (gír), er hann setti vél hennar í gang, og ævinlega hafi hann ekið bifreiðinni af stað í fyrsta hraðastigi, og minnir að hann hafi ekið í 4. hraðastigi frekar en 3., er slysið varð, en hraðastigin kveður hann vera 5 áfram og eitt aftur á bak. Jónas Sverrir bifreiðaeftirlitsmaður segir aftur á móti, að hraðastigin séu 4 áfram, og hið sama minnir Hjörleif Jónsson. Ekki kveður ákærði, að erfitt hafi verið að skipta um hraðastig, er bifreiðin var á ferð. Segir hann hlaupið í stýrisendanum hafa fundizt litillega upp í stýrishjólið, en ekki hafi það virzt vera neitt til tjóns. Undir bifreiðinni segir hann aðeins sex hjól hafa verið, framhjólin, og svo fjögur hjól fyrir aftan, þannig að afturhjólin voru ekki tvöföld, eins og ráð er gert fyrir, þegar 10 hjól eru höfð undir bifreiðinni. Jónas Sverrir kveður aftur á móti að öll hjól bifreiðarinnar, 10 að tölu, hafi verið á henni.

Vitnið Sigurjón Egilsson kveður talsvert mikla umferð hafa verið um Laufásveginn, er slysið varð. Minnir það, að ákærði hafi þá verið að vika fyrir bifreið, og að bifreið hafi staðið lítið eitt fyrir norðan slysstaðinn. Kveðst það visst um, að ákærði hafi ekið nærri vestari gangstétt en ella vegna umferðarinnar. Segir það hann hafa ekið mjög hægt, en nánar hefur það ekki treyst sér til að ákveða hraðann. Ekki kveðst vitnið hafa veitt barninu eftirtekt fyrr en um leið og slysið varð, en þá sá það höfuð og herðar barnsins rétt framan við vinstra framhjól bifreiðarinnar, og eins og það væri að detta fram fyrir sig. Á sama augnabliki og vitnið kom auga á barnið, kveður það bifreiðinni hafa verið hemlað bæði með hand- og fótþemlum og jafnframt beygt til hægri frá gangstéttarbrún. Ekki varð vitnið vart við að barnið hefði orðið undir vinstra framhjól bifreiðarinnar. Það minnst þess, að ákærði og það hafi verið að tala saman nokkru áður en slysið varð, og segir vel geta verið, að það hafi kastað fram einhverjum setningum um það leyti, sem slysið varð, en telur vist, að ekkert hafi dregið athygli ákærða frá akstrinum og að hann hafi ekki horft af veginum.

Vitnið Jóhannes Þorvaldur Egilsson skýrir svo frá, að ákærði hafi ekið mjög hægt á móts við það sem atvinnuvörubifreiðum er ekið hér í bænum, enda aki ákærði jafnan hægt og varlega. Ekki minnst vitnið þess, að mjög mikil umferð hafi verið á Laufásvegnum, og man ekki eftir bifreiðum á ferð, en segir bifreið hafa staðið fyrir norðan slysstaðinn, en þó fyrir sunnan Njarðargötu, austan megin á götunni. Vitnið tók ekkert eftir barninu, sem fyrir slysinu varð, og sá það ekki fyrr en slysið var orðið. Kveður vitnið bifreið-

ina hafa verið stöðvaða mjög snögglega og beygt frá gangstéttarbrúninni, og telur að um meter hafi verið á milli gangstéttarbrúnarinnar og bifreiðarinnar.

Vitnið Guðný Þorbjörg Sigurðardóttir húsfreyja, Laufásvegi 58, skýrir svo frá, að það hafi séð úr stofuglugga sínum, hvernig slysið varð. Kveður það drenginn hafa gengið þvert austur yfir gangstéttina fyrir framan húsið nr. 60 við Laufásveg og virtist vitninu sem hann ætlaði yfir götuna, og telur líklegt, að hann hafi haft í huga að fara að sandhrúgu hinum megin götunnar lítið eitt norðar en slysstaðurinn. Kveður það bifreiðinni hafa verið ekið hægt, talsvert hægara en bifreiðum er almennt ekið eftir Laufásveginum. Rétt í því að bifreiðin var að komast á móts við drenginn, segir vitnið hann hafa hnotið, en þó eigi dottið, og við þetta hafi hann litillega breytt stefnu eins og til suðurs, fallið svo beint fram yfir sig á grúfu út á götuna og orðið undir vinstra framhjólí bifreiðarinnar, enda hafi hún þá verið komin alveg á móts við hann. Kveður það hjól bifreiðarinnar hafa farið yfir drenginn fyrir neðan hendur.

Vitnið Oddný Guðmundsdóttir húsfrau, Laufásvegi 58, var stutt í mjólkurbúð í sama húsi og það býr í ásamt dótturdóttur sinni, þriggja ára gamalli. Sá það ekki hvernig slysið varð, en kveður hana hafa sagt: „Barnið datt undir bíl.“

Vitnið Gísli Óskar Zesseliússon lögregluþjónn, Óðinsgötu 4, skýrir svo frá, að það hafi verið að kenna Gunnari Tryggvasyni verkamanni, Lokastíg 6, bifreiðaakstur í bifreið sinni R 924, er slysið varð. Óku þeir niður Barónsstíg og norður Laufásveg mjög hægt. Við þessi gatnamót tók Gísli Óskar fyrst eftir bifreiðinni R 3719 góðan spöl fyrir norðan Barónsstíg. Ók Gunnar bifreiðinni R 924 mjög hægt norður Laufásveg eða á um 8 km hraða miðað við klukkustund að því er Gísli Óskar telur, en skammt fyrir sunnan gatnamót Laufásvegur og Barónsstígs ók ákærði fram úr bifreiðinni R 924 mjög hægt eða á um 10 km hraða miðað við klukkustund, að áliti Gísla Óskars. Hafði hann orð á því við nemanda sinn, að þarna gæti hann séð, hve sumir menn væru kurteisir í umferðinni og þannig ætti að aka fram úr kennslubifreiðum. Hefur Gunnar Tryggvason staðfest þennan framburð Óskars, en hann kveður bifreiðina R 3719 hafa verið stöðvaða rétt norðan við húsið nr. 60 við Laufásveg, eða um 70 metra fyrir aftan bifreið sína. Hvorki minnst Gunnar né Gísli þess, að þeir hafi mætt bifreið milli Barónsstígs og Njarðargötu eftir að bifreiðinni R 3719 var ekið fram með bifreiðinni R 924, en hún var stöðvuð skammt frá slysstaðnum. Litlu eftir það segir Gunnar Tryggvason einhverja bifreið hafa komið þar að sunnan Laufásveg, en Ingólfur Blöndal lækni og bróðir hans, Hjálmar Jóhann Blöndal skrifstofustjóri, Sóleyjargötu 7, komu í bifreið norður eftir Laufásvegi, komu að slysstaðnum nokkru eftir að slysið varð og fluttu Guðmund heitinn á Landspítalann. Virtist Ingólfi hann þá þegar dáinn. Minnir Hjálmar Jó-

hann, að einhverjar bifreiðar hafi staðið á Laufásveginum, austan megin á akbrautinni, í námunda við slysstaðinn, en Gísli Óskar segist hafa tekið eftir því, að bifreið stóð einhvers staðar vestan megin á Laufásveginum milli Liljugötu og slysstaðarins.

Í krufningsskýrslu Þórarins Sveinssonar læknis segir orðrétt, að við líkskoðun og krufningu hafi komið í ljós, í fyrsta lagi mjög mikið kúpubrot og stórskemmdir á heila. Í öðru lagi sprenging á lifur og milti og hægra nýra og enn fremur sprenging á þindinni vinstra megin og með blæðingum í nærliggjandi umhverfi. Auk þessa fundust þverbrot á nokkrum rifjum hægra megin (1., 6., 7., 8., 9. og 10. rif hægra megin). Það er ljóst, að áverkar þessir hafa verið það miklir, að barnið hefur látizt samstundis.

Upplýst er í máli þessu, að ákærða var kunnugt um ástand bifreiðarinnar R 3719, er slysið varð, fóthemlar mjög slæmir, auk annars, er í ólagi var, en handhemill góður, og að hann ók afar hægt, varla yfir 10 km hraða miðað við klukkustund. Barnið hrasaði af gangstéttinni og datt beint fram fyrir bifreiðina, er hún var alveg á móts við það, og varð undir vinstra framhjólí hennar. Hemlaði ákærði þá bæði með fóthemlum og handhemlum, og gerði það, sem virtist hafa verið í valdi hans, til að forðast slysið, en það reyndist árangurslaust. Þótt ákærði æki áfram á svo hægum hraða, og þar sem barnið var á gangstétt, en algengt er, að ungbörn eru á þessum slóðum hér í bæ, þykir eigi verða séð, að hann hafi sýnt slíka óvarkárni með akstri sínum, að rétt þyki, að hann beri refsiverða sök á dauða barnsins, enda óvíst að mögulegt hefði verið að forðast slysið, þó að bifreiðin hefði verið í góðu lagi að öllu leyti. Ber því að sýkna ákærða af ákæru réttvísinnar fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940. Aftur á móti hefur ákærði gerzt brotlegur við 2 mgr. 5. gr., 9. gr. sbr. 18. gr. og 38. gr. bifreiðarlaga nr. 23 16. júní 1941, 2. mgr. 3. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðalaga nr. 24 16. júní 1941.

Þykir refsing ákærða eftir öllum málavöxtum hæfilega ákveðin 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 60 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 400.00. Dráttur sá, er verið hefur á rekstri máls þessa, stafar af önnum rannsóknardómarans.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

#### D ó m s o r ð :

Ákærði Stefán Gunnbjörn Egilsson skal vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði 2000 króna sekt til ríkissjóðs, er afplánist með varðhaldi í 60 daga, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun skipaðs verjanda síns hér við réttinn, Ragnars Jónssonar hrl., kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 7. maí 1948.

Nr. 34/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Gunnar Þorsteinsson)  
gegn

**Jóni Björnssyni Jónssyni**  
(Hrl. Ólafur Þorgrimsson).

Brot á lögreglusamþykkt.

#### Dómur hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, að því er varðar refsingu kærða, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu dóms þessa.

Af hálfu lögreglustjórans í Reykjavík hefur ekki verið gerð grein fyrir því, hvers vegna umráðamanni hestanna, sem er innanbæjarmaður, var ekki gefinn kostur á að taka þá úr haldi fyrr en raun bar vitni. Er krafan um endurgjald fyrir fóðrun þeirra því vanreifuð að þessu leyti og óvíst um réttmæti hennar. Ber því að vísa henni frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað ber að staðfesta.

Samkvæmt þessu ber að dæma kærða til að greiða allan kostnað við áfrýjun sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 300.00 til hvors.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er varðar refsingu kærða Jóns Björnssonar Jónssonar, þó svo, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá birtingu þessa dóms.

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um fóðrunarkostnað vísast frá héraðsdómi.